

Starfsgreinaráð	Starfsgreinaráð rafiðngreina
Starfsheiti	Símsemiður <span style="float: right;">Löggilt iðngrein</span>
Dagsetning	1. júlí 2020
Útgáfunúmer	1.0

**Starfalýsing:**

Símsemiður starfar við lagningu og tengingar fjarskiptastrengja og tengir við endabúnað í símstöð og í götuskáp ásamt því að tengja upp inntakskassa og þaðan inn í hýbýli manna. Hann leggur fjarskiptastrengi innanhúss og tengir við allan almennan notendabúnað. Hannannast bilanaleit og viðgerðir á strengjum bæði utan-og innanhúss. Þá annast hann uppsetningu og viðhald á möstrum og fjarskiptabúnaði til sendinga í lofti. Símsemiður getur sett saman fjarskiptastrengi og tengt við endabúnað samkvæmt stöðlum og verkblöðum og tengt fjarskiptaveitu við húsveitu. Hann getur unnið við uppbyggingu og rekstur tengivirkja í símstöðvum. Símsemiðurannast fjarskiptalagnir og og fjarskiptabúnaði og hefur eftirlit með þeim í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla. Símsemiður notar viðeigandi mælitæki við störf sín og framkvæmirbilanaleit og viðgerðir á fjarskiptalögnum og búnaði. Símsemiður hefur sérhæfða þekkingu á fjarskiptalagnateikningum og getur magntekið og unnið verkáætlanir eftir þeim. Símsemiður býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og getur leiðbeint öðrum. Hann þekkir til samskipta við landeigendur og umhverfismála og getur staðsett lagnir út frá kortum og GPS mælingum, hann vinnur ávallt samkvæmt gildandi öryggisstöðlum.

**Hæfnikröfur:**

Veitir þjónustu og annast viðhald á fjarskiptabúnaði, lögnum og rekstri fjarskiptakerfa og annast uppsetningu og viðhald á möstrum og fjarskiptabúnaði til sendinga í lofti.

Setur saman fjarskiptastrengi og tengir við endabúnað bæði innan-og utanhúss, tengir fjarskiptaveitu við húsveitu og setur upp og tengir fjarskiptabúnað í inntaks-og dreifiskápum.

Vinnur við uppbyggingu og rekstur tengivirkja í símstöðvum, hvort sem um er að ræða kopar-eða ljóstengigrindur. Annast og hefur eftirlit með fjarskiptalögnum og fjarskiptabúnaði í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla.

Les fjarskiptalagnateikningar vegna uppsetningar, bilanaleitar og viðhalds fjarskiptabúnaðar. Útskýrir virkni búnaðar út frá teikningum, magntekur og vinnur verkáætlanir eftir þeim.

Hefur grunn tölvuþekkingu á vélbúnaði og hugbúnaði og sérhæfða þekkingu á tölvu-og hugbúnaði sem tilheyrir fjarskiptabúnaði. Hann hefur haldgóða þekkingu á símkerfum bæði hliðrænum og stafrænum.

Notar viðeigandi mælitæki við störf sín og framkvæmir bilanaleit og viðgerðir á fjarskiptabúnaði og fjarskiptalögnum.

Tryggir öryggi og viðhefur viðeigandi varnarráðstafanir í rafiðnaði og þekkir eftirlitsstofnanir og hlutverk þeirra vegna eftirlits og öryggismála.

Þekkir umhverfismál og viðeigandi umgengni um landið og samskipti við landeigendur. Hann staðsetur fjarskiptalagnir samkvæmt kortum og GPS mælingum.

Ber ábyrgð á eigin starfsþróun, er fær um að tileinka sér nýjungar og hagnýta þá þekkingu í starfi.

Sýnir fagmennsku og siðferðisvitund og starfar í samræmi við siðareglur greinarinnar og vinnustaðarins.

Hann tjáir sig af öryggi, munnlega og skriflega, s.s. með verkdagbókum, vinnuseðlum og skýrslum.

Vinnur sjálfstætt, metur eigin getu og forgangsraðar viðfangsefnum, greinir hvaða aðferðir eiga við hverju sinni og rökstyður þær aðferðir sem hann notar.

Leiðbeinir öðrum, sýnir leikni í samstarfi og samskiptum við samstarfsfólk og tekur fullt tillit til þarfa viðskiptavina og aðstæðna.

Þekkir skipulag og uppbyggingu fyrirtækja og stofnana rafiðnaðarmanna og gerir grein fyrir hlutverki þeirra.